



Forsætisnefnd

Reykjavík, 12. júní 2024
VEL24050016

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs - ný samþykkt

Í samvinnu velferðarsviðs og skrifstofu borgarstjórnar hefur verið unnið að nýrri samþykkt áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar en gildandi reglur um verksvið og starfshætti áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar voru samþykktar árið 2018.

Núgildandi reglur þóttu þarfnast endurskoðunar við og er nú gert ráð fyrir því að um nefndina gildi hefðbundin samþykkt svo gætt verði samræmis við aðrar nefndir Reykjavíkurborgar. Einnig er gert ráð fyrir breyttri skipan nefndarinnar á þann veg að hún verði skipuð þremur kjörnum fulltrúum sem eru aðalmenn í velferðarráði og jafnmörgum til vara, sem skulu vera ýmist aðal- eða varamenn í ráðinu.

Að öðru leyti er ekki um að ræða miklar breytingar á störfum né hlutverki nefndarinnar. Starfshættir nefndarinnar eru að mestu leyti óbreyttir en verklag er gert skýrara og fært til samræmis við aðrar samþykktir borgarinnar.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Samþykkt um áfrýjunarnefnd velferðarráðs

Samþykkt áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar

1. gr.

Umboð

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar starfar í umboði velferðarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt velferðarráðs Reykjavíkurborgar, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og eftir því sem mælt er fyrir um í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Verksvið

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs endurskoðar umsóknir umsækjenda um þjónustu samkvæmt reglum velferðarsviðs sem synjað hefur verið, að öllu leyti eða að hluta, hjá miðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs getur veitt undanþágu frá þeim reglum sem gilda um þjónustuna ef nefndin metur það svo að sérstakar málefnalegar ástæður liggi fyrir. Umsækjandi skal beina erindi til nefndarinnar þar sem óskað er eftir undanþágu og skal greinargerð frá miðstöð fylgja beiðninni þegar málið er tekið fyrir á fundi áfrýjunarnefndar.

3. gr.

Samþykktir

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar, borgarráðs og velferðarráðs.

4. gr.

Skipan

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum sem sæti eiga sem aðalmenn í velferðarráði og jafnmörgum til vara, sem skulu vera ýmist aðal- eða varamenn í ráðinu. Velferðarráð kýs fulltrúana og formann nefndarinnar. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og velferðarráðs.

5. gr.

Verkstjórn og verkaskipting

Formaður áfrýjunarnefndarinnar er í forsvari fyrir hana um ákvarðanir hennar eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs er vistuð hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Sviðsstjóri velferðarsviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar, rekstri og stjórnsýslu hennar.

Tveir starfsmenn á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar skulu að jafnaði sitja fundi nefndarinnar og veita ráðgjöf til nefndarmanna hverju sinni. Annars vegar ritari nefndarinnar sem er lögfræðingur á skrifstofu velferðarsviðs og hins vegar deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafar og þjónustu á skrifstofu velferðarsviðs.

6. gr.

Boðun funda og fundarsköp

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs heldur reglulega fundi sína í Borgartúni 12-14 og fundar að jafnaði einu sinni í viku samkvæmt fundadagatali sem nefndin samþykkir á síðasta fundi sínum fyrir sumarleyfi. Heimilt er að boða til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í allt að sex vikur að sumarlagi.

Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Formaður nefndarinnar boðar til fundar, ákveður dagskrá í samráði við ritara nefndarinnar og stýrir fundum hennar. Á dagskrá skal taka þau mál sem borist hafa nefndinni, eru á verksviði hennar og uppfylla skilyrði 2. gr. samþykktar þessarar. Mál skal að jafnaði taka fyrir á fundi í þeirri röð sem þau berast og eru tilbúin til afgreiðslu.

Dagskrá fundarins og fundargögn skulu vera aðgengileg nefndarmönnum í fundaumsjónarkerfi Reykjavíkurborgar þegar fundur er boðaður og skulu nefndarmenn kynna sér vel fyrirbyggjandi gögn fyrir hvern fund. Nefndarmenn skulu gæta fyllsta trúnaðar við meðferð fundargagna þar sem oft er um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Óheimilt er að hlaða niður gögnum eða afrita þau með hvers konar hætti.

Heimilt er að taka mál til meðferðar á fundi áfrýjunarnefndar þó svo að gögn hafi ekki verið aðgengileg nefndarmönnum við boðun fundar, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 138/2011, eftir því sem við á.

7. gr.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

Nefndarfundur er ávallt haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá efni fundarins sem og ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Nefndarmenn og starfsmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um öll þau mál sem þau fá vitneskju um í starfi sínu á vettvangi nefndarinnar og leynt eiga að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þrátt fyrir að nefndarmaður eða starfsmaður láti af störfum.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir sérfræðingar á velferðarsviði séu viðstaddir.

Áfrýjunarnefndin skal halda gerðabók. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar, eftir því sem við á. Vinnsla mála og varðveisla gagna skal vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs er ályktunarhæf þegar tveir nefndarmenn eru viðstaddir á fundi. Nefndarmenn skulu eftir fremsta megni reyna að komast að samhljóða niðurstöðu. Ef samhljóða niðurstaða næst ekki ræður afl atkvæða úrslitum.

Nefndarmenn skulu að jafnaði mæta á fundarstað en heimilt er að taka þátt í fundi nefndarinnar með rafrænum hætti með samþykki annarra nefndarmanna og skal þá fara að reglum 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sbr. leiðbeiningar ráðherra um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna og verklagsreglum vegna fjarfunda nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar nefndarmaður forfallast skal varamaður hans taka sæti í nefndinni sbr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Aðalmaður skal tilkynna forföll til starfsmanns nefndarinnar eins fljótt og auðið er og skal aðalmaður boða varamann í sinn stað.

8. gr.

Málsmeðferð

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðana skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Starfsmenn miðstöðva skulu leiðbeina umsækjanda um rétt sinn til að skjóta ákvörðun til meðferðar áfrýjunarnefndar velferðarráðs og aðstoða hann við gerð erindisins ef óskað er eftir því.

Óski umsækjandi eftir endurskoðun á ákvörðun miðstöðvar skal hann senda skriflega beiðni þess efnis innan fjögurra vikna frá dagsetningu ákvörðunar og skal beiðni um endurskoðun vera undirrituð af honum og berast skrifstofu velferðarsviðs eða miðstöð umsækjanda.

Þegar beiðni um endurskoðun ákvörðunar berst velferðarsviði skal óska eftir upplýsingum og greinargerð frá miðstöð. Greinargerð og önnur gögn málsins skulu berast velferðarsviði innan fjórtán daga frá því að óskað var eftir gögnum. Ef að umbeðin gögn berast skrifstofu velferðarsviðs þremur virkum dögum fyrir fund áfrýjunarnefndar velferðarráðs verður málið að öllu jöfnu tekið til meðferðar á næsta fundi áfrýjunarnefndar velferðarráðs. Ef þörf er á frekari upplýsingum til þess að hægt sé að afgreiða einstök mál þá skal beina þeirri beiðni til ráðgjafa viðkomandi miðstöðvar. Upplýsingaöflun skal hraðað eins og kostur er. Ef um er að ræða umfangsmikla upplýsingaöflun og/eða þörf er á frekari vinnslu málsins áður en unnt er að afgreiða erindið verður málið sent til viðkomandi miðstöðvar til frekari meðferðar áður en áfrýjunarnefnd velferðarráðs getur tekið ákvörðun í málinu.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal að jafnaði afgreiða erindi sem til hennar er beint innan fjögurra vikna frá því að þau berast og skal hraða allri gagnaöflun eins og kostur er. Niðurstaða áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal tilkynnt umsækjanda eins fljótt og unnt er.

Niðurstaða nefndarinnar er bindandi stjórnvaldsákvörðun og ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að framfylgja ákvörðunum nefndarinnar.

Umsækjandi getur óskað eftir að áfrýjunarnefnd velferðarráðs rökstyðji ákvörðun sína. Beiðni um rökstuðning skal berast nefndinni innan fjórtán daga frá því að umsækjanda var tilkynnt ákvörðunin. Ritari nefndarinnar skrifar rökstuðning fyrir hönd áfrýjunarnefndar velferðarráðs og skal beiðni um rökstuðning svarað innan fjórtán daga frá því að hún barst, sbr. 3. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast til 30. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sbr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem og II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

9. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs, sbr. 5. gr. laga um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015.

10. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi tekur gildi þann 1. október 2024 og falla þá jafnframt úr gildi reglur um verksvið og starfshætti áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar frá 25. janúar 2018.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar X.X.2024